

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 1991

21. mars 1991

269

Nr. 126

REGLUGERÐ

um afnám banns við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 22. mars 1991 er felld úr gildi reglugerð nr. 425, 30. október 1990 um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1991.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

21. mars 1991

Nr. 127

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 474 2. desember 1990, um grásleppuveiðar.

1. gr.

Eftir 1. mgr. 7. gr. bætast við eftirfarandi málsgreinar:
Sé einn maður á báti, er óheimilt að eiga fleiri en 100 grásleppunet í sjó.
Séu tveir menn í áhöfn, skulu eigi fleiri en 200 net í sjó.
Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó.
Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 fadma ófella slöngu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1991.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.